



E 11/2018

Fyrirspyrjandi Norræna sjálfbærnefndin
Til ríkisstjórna Norðurlanda

Til ríkisstjórna Norðurlanda

Skrifleg fyrirspurn um umfangið á innfluttum og útfluttum úrgangi

Um meðferð úrgangs á Norðurlöndum gilda alþjóðlegar reglur samkvæmt ákvæðum í tilskipunum ESB og alþjóðasamningi um hættulegan úrgang. Ekki er um þaulstjórnun að ræða heldur styðjast löndin við mismunandi kerfi. Við útflutning ber samkvæmt þessum reglum að skipta úrgangi í tvo meginflokka: Annars vegar grænan úrgang sem ekki er talinn menga umhverfið við flutning og hins vegar hættulegan úrgang (tilkynningaskyldan) sem óttast er að kunni að menga umhverfið.

Norðurlandaráð hefur til umfjöllunar þingmannatillögu (Stefna um endurvinnslu - (Þingmannatillaga A 1758/holdbart)) þar sem því er haldið fram að stór hluti úrgangs frá norrænu löndunum sé fluttur til annarra landa. Við útflutning úrgangs telst hann vera endurvinnanleg verðmæti. Samkvæmt tillögunni er ástæða til að óttast að stór hluti útflutts úrgangs valdi umhverfisvanda í landinu sem tekur við honum. Þessari óheppilegu stöðu er auk þess lýst í nýlegri skýrslu Norrænu ráðherranefndarinnar *Shipments of greenlisted waste: a Nordic survey*. Í skýrslunni eru tillögur að því hvernig bæta megi starfshætti.

Í áðurnefndri skýrslu segir einnig að tölum sé ábótavant um útflutning úrgangs frá Norðurlöndum.



Í tengslum við meðferð þingmannatillögu A1758/holdbar óskar Norræna sjálfbærnefndin eftir yfirliti um þróun út- og innflutnings á bæði grænum og hættulegum úrgangi og spyr í því sambandi ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um eftirfarandi:

1. Magn útflutts og innflutts úrgangs, bæði frá heimilum og iðnaði, sundurliðað svo sem greinir að neðan:
 - a) Heildarmagn úrgangs árin 2010 til 2017 (tonn/ár)
 - b) Heildarmagn hættulegs úrgangs árin 2010 til 2017 (tonn/ár)
 - c) Útflutningur hættulegs úrgangs innan ESB/EES árin 2010 til 2017 (tonn/ár)
 - d) Útflutningur hættulegs úrgangs utan ESB/EES árin 2010 til 2017 (tonn/ár)
 - e) Innflutningur hættulegs úrgangs árin 2010 til 2017 (tonn/ár)
 - f) Útflutningur græns úrgangs árin 2010 til 2017 (tonn/ár)
 - g) Innflutningur græns úrgangs árin 2010 til 2017 (tonn/ár)
2. Með vísun til 1g), hver er meginástæðan fyrir innflutningi græns úrgangs til norrænu landanna?
3. Með vísun til 1f), hvað réttlætir útflutning á grænum úrgangi frá Norðurlöndum?
4. Hvert er umfangið og meginástæðan fyrir útflutningi á grænum úrgangi milli norrænu landanna?
5. Hver er meginástæðan fyrir útflutningi á hættulegum úrgangi?
6. Líta ríkisstjórnir norrænu landanna svo á að núverandi aðstaða hvað snertir innflutning og útflutning á úrgangi, jafnt grænum sem hættulegum, sé sjálfbær lausn til langframa með hliðsjón af umhverfisvernd?

Kaupmannahöfn, 27. ágúst 2018

Lars Tysklind (L)
nefndarformaður

Karin Gaardsted (S),
varaformaður nefndar